

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**6. júní 2023**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið umferðaröryggi á Vesturlandsvegi**

Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að sjá til þess að framkvæmdir við breikkun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi, frá Vallá að Hvalfjarðargöngum, verði boðnar út sem fyrst. Um er að ræða eitt brýnasta verkefni í þágu umferðaröryggis á höfuðborgarsvæðinu. Umræddur vegarkafli er hættulegur en breikkun vegarins og aðskilnaður akreina mun draga verulega úr slyshættu á honum.